



Vesturbæjarskóli – heildarmat á skólastarfi

Maí 2008

Ritun skýrslu: Birna Sigurjónsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Nám og kennsla	6
Skimanir og árangur í samræmdum prófum	6
Markmið og áætlanir	7
Skipulag skólastarfs.....	8
Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi.....	8
Sérkennsla	12
Nemendur og líðan	14
Félagslíf og skemmtanir	15
Reglur og agi	15
Fjarvera nemenda	16
Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun	16
Starfsmenn og líðan.....	17
Samstarf.....	18
Starfsandi.....	19
Samskipti við nemendur og foreldra	19
Fjarvera starfsmanna	20
Símenntun.....	20
Stjórnun og skipulag.....	21
Heimasíða.....	23
Skólanámskrá	23
Sjálfsmat og umbótaáætlun	24
Húsnæði og aðbúnaður.....	25
Greining.....	26
Samantekt ábendinga.....	26
Heimildir	29
Fylgiskjöl.....	29

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Vesturbæjarskóla sem fram fór í maí 2008. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Vesturbæjarskóli var einn af átta skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2007-2008. Matið fór fram með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Vellíðan og árangur nemenda og kennara/starfsfólks skóla og ánægja foreldra með skólastarfið.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Vesturbæjarskóli er heildstæður grunnskóli þar sem „lögð er áhersla á að nemendum, starfmönnum og foreldrum líði vel í skólanum. Kennsluaðferðir eru miðaðar við áhuga, þroska og getu hvers og eins með það að markmiði að hver nemandi nái eins góðum árangri og kostur er. Námsmarkmið eru skýr og stefnt að því að nemandur læri að bera ábyrgð á námi sínu í samráði við foreldra sína og kennara. Stuðlað er að eflingu frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hugsun, ásamt virðingu fyrir umhverfinu, samnemendum, starfsfólki, verkum sínum og annarra“, eins og segir í upplýsingum um skólann (fylgiskjal 1, Vesturbæjarskóli og skólahverfi).

Skólastjóri Vesturbæjarskóla er Hildur Hafstað og aðstoðarskólastjóri er Málfríður Ragnarsdóttir. Vesturbæjarskóli er fyrir nemendur 1.-7. bekkjar. Hagaskóli er safnskóli á unglíngastigi fyrir grunnskóla í Vesturbæ, þar á meðal Vesturbæjarskóla. Í skólann voru skráðir 252 nemendur 1. september 2007 sem er tæplega 77% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendasþá Menntasviðs er gert ráð fyrir að nemendum fjölgi um 50 á næstu fimm árum vegna þéttingar byggðar í skólahverfinu. Í skólanum eru starfsmenn í um 42 stöðugildum skólaárið 2007-2008, þar af kennarar í um 28.5 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6 nemendur á hvert stöðugildi sem er nokkru færri en í borginni í heild að meðaltali. Ef aðeins er miðað við kennara í Vesturbæjarskóla eru um 8,8 nemendur á hvert stöðugildi.

Skólinn var stofnaður haustið 1958 í bráðabirgðahúsnæði í gamla Stýrimannaskólanum að Öldugötu 23. Hann var fyrstu árin fyrir 7-9 ára nemendur, 10 ára nemendur bættust við 1964-65 og skólaárið 1974-75 fengu 11 og 12 ára nemendur fyrst að halda áfram í skólanum til loka 12 ára bekkjar. Skólaárið 1983-84 voru nemendur orðnir 290. Þá var fengið inni fyrir 5. og 6. bekkjar nemendur skólans í Miðbæjarskólanum. Kennsla í heimilisfræði, íþróttum, saumum og smíði fluttist einnig í Miðbæjarskóla. Starfsemi skólans fluttist í nýja skólabyggingu á núverandi skólalóð haustið 1988. Þá voru nemendur skólans orðnir tæplega 300. Haustið 1999 var tekinn í notkun viðbygging sem gerði kleift að einsetja skólann. Í undirbúningi er nú viðbygging við skólann fyrir m.a. starfsemi frístundaheimilis auk þess sem áætlaðar eru umbætur á skólalóð. Heildarstærð skólans er um 3.200 m² án íþróttarýmis.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um ytra mat er í 51. gr grunnskólalaga, þar segir m.a.: „Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólalald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár.“ Innra mat, sjálfsmat skóla er einnig bundið í grunnskólalögum 49. gr., þar segir m.a.: „Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.“

Á vegum Menntasviðs Reykjavíkur eru reglulega gerðar kannanir á skólastarfi og eru grunnskólarnir hvattir til að nýta niðurstöður þeirra í innra mati.

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra.

Markmið heildarmats eru að:

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs sem starfaði skólaárið 2006-2007.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | vika 6 |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara og foreldra/fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar, list- og verkgreinakennarar, annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:

- Skólanámskrá (nýjustu útgáfu)
 - þ.m.t. mannréttindaáætlun
 - og skipurit skóla
- Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2007
- Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
- Heimasíða skólans
- Stundaskrár 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
- Kennsluáætlanir 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
- Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
- Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
- Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk vorið 2007 og var niðurstaða þess að 85% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavík var 66%. Meðalárangur nemenda í 2. bekk Vesturbæjarskóla var 78% en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu var 71%. Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2006 var meðalárangurinn í Vesturbæjarskóla 88% og gátu 90% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er marktækt betri árið 2007 en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2006.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendum í 3. bekk nóvember 2006, og var meðalárangur nemenda í þættinum *Reikningur og aðgerðir* mælitalan 13.2 sem er marktækt

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

betri árangur en nemendur í Reykjavík í heild (10.8). 93% nemenda fóru aðeins í þann prófþátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Tveir nemendur tóku allt prófið og teljast líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði en að meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur teljast 10% nemenda líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Í stærðfræðiskimun í 3. bekk Vesturbæjarskóla 2007 fóru um 86% nemenda aðeins í prófþátt 1 og teljast þeir ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Góður árangur er í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2006 og aðeins tveir nemendur teljast líklegir að þurfa aðstoð í stærðfræði.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Vesturbæjarskóla 2006 í íslensku í 7. bekk er 1.03 sem telst venjulegar framfarir nemenda frá í 4. bekk, en í stærðfræði í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.11 bendir til mikilla jákvæðra breytinga á stöðu nemendahópsins (sjá nánar í fylgiskjali 1, Vesturbæjarskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku milli 4. og 7. bekkjar og fer mjög vel í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í bekkjarnámskrám fyrir skólaárið og er hún samin í samræmi við þrepamarkmið úr Aðalnámskrá 1999. Bekkjarnámskrár eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti og eru einnig birtar á heimasíðu skólans. Auk markmiða hverrar námsgreinar eru upplýsingar um kennslutilhögun og námsmat. Einnig eru upplýsingar til foreldra um námsmatsaðferðir, samstarf kennara, nemenda og foreldra, vinnubrögð, heimakrók, val, áætlun, heimastofu og þemavinnu ásamt upplýsingum um félagsstarf nemenda.

Innan bekkjarnámskrár í hverri grein geta nemendur farið á eigin hraða og markmiðið er að sérhver nemandi nái hámarksárangri í samræmi við getu sína í einstaklingsmiðuðu námi. Nemendur eru þjálfaðir í að setja sér markmið í einstökum námsgreinum til tiltekins tíma, þ.e. gera sína eigin áætlun. Í áætlun skrá nemendur á sérstök eyðublöð hvað þeir ætla að vinna í íslensku og stærðfræði eða öðrum greinum næstu viku, einstaka nemendur gera sér áætlun fyrir tvær vikur. Að tímabilinu loknu fer kennari yfir með nemandanum hvort hann lauk því sem hann áætlaði og veitir skriflega endurgjöf. Nemendur vinna síðan að eigin áætlun í sérstökum tímum. Í yngstu árgöngum er meiri áhersla á valið og nemendum kennt að velja sem er undanfari þess að gera sér áætlun um nám sitt. Í 3. og 4. bekk byrja þau að áætla eigið nám og halda því áfram í 5. og 6. bekk. Í 7. bekk er aftur á móti það skipulag tekið upp að kennarar setja fyrir námsefni í hverri grein.

Í heimsókn voru skoðaðar möppur með áætlunum nemenda sem þeir safna saman yfir skólaárið og veita þær yfirsýn yfir vinnu nemandans í grunngreinum, sérstaklega vinnu í vinnubókum og stærðfræðibókum. Áætlanatímar eru á töflu nemenda á hverjum degi.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærra benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Bekkjarnámskrár fyrir árganga í öllum greinum eru birtir á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Í grunngreinum gera nemendur í 3.-6. bekk sér námsáætlun fyrir ákveðinn tíma oftast viku í senn.
- Í 7. bekk setja kennarar fyrir námsefni í hverri grein.

Skipulag skólastarfs

Kennsla hefst kl. 8:30 að morgni en ekki kemur fram í gögnum hvenær skólinn er opnaður. Stundataflan er skipulögð í 80-120 mínútna lotur, innan þeirra marka má sjá 20, 40 og 60 mínútna vinnulotur. Frímínútur eru 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 20 mínútur í tengslum við matarhlé. Borðað er í matsal í þremur hópum á bilinu 11:30-12:50.

Frá stofnun skólans hefur Vesturbæjarskóli mótað sér stefnu og framkvæmd skólastarfs þar sem er „leitast við að miða skólastarfið við þroska og áhuga hvers og eins og að gera nemendur sjálfstæða í verki og hugsun. Reynt er að koma til móts við þær væntingar sem samfélagið hefur um nám barna á tilteknum aldri og miðað er við í Aðalnámskrá grunnskóla“ (Skólanámskrá, kafla 3.2).

Í hverjum árgangi eru yfirleitt tvær bekkjardeildir. Einstaka árgangar eru fámennir en þó of stórir til að vera ein bekkjareining. Stefnt er að því að árgangurinn verði grunneining í skipulagi og honum skipt upp í misstóra hópa eftir viðfangsefnum. Þannig er hægt að hagræða í skólastarfinu.

Umsjónarkennari er með hverjum bekk, hann sér um að fylgjast með líðan og námi nemenda sinna, einnig sér hann um tengsl við foreldra. Hver bekkur hefur heimastofu, kennslurými eru tvær samliggjandi stofur, auk svæðis/hópherbergis fyrir framan stofur og/eða á milli stofa. Þetta kennslurými nota tveir og tveir eða fleiri bekkir í senn í sama árgangi eða árgangablandað. Árgangurinn er grunneining en samvinna er einnig töluverð milli 1. og 2. bekkjar, 3. og 4. bekkjar og 5. og 6. bekkjar, aðallega í val tímum.

Skoðaðar voru stundatöflur nemenda. Á töflu 1. bekkjar eru skráðir 30 tímar. Á töflu 2.-7. bekkja eru skráðir 35 tímar. Þar til viðbótar er matarhlé í 20 mínútur og 2x20 mínútna frímínútur.

List- og verkgreinar hafa fasta tíma á töflu nemenda, 2 tíma í viku hálf tveir árið að því er virðist, skýrar upplýsingar um þetta er ekki að finna í bekkjarnámskrám eða skólanámskrá. Öflug tónmenntakennsla er í skólanum svo eftir er tekið.

Stofur eru opnar og nemendur ganga inn í stofur þegar þeir koma úr frímínútum hvort sem kennari er kominn eða ekki. Allir nemendur fara út í frímínútur.

Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi

Í skólanámskrá og stefnumótun skólans kemur fram heildarstefna Vesturbæjarskóla í sveigjanlegum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi. Í skólanámskrá segir: Skólinn starfar samkvæmt sveigjanlegum kennsluháttum. Í sveigjanlegum kennsluháttum er lögð áhersla á sveigjanlega stundaskrá, einstaklingskennslu, mikið og náið samstarf kennara,

blöndun árganga, sérkennslu inni í almennum bekkjum, einstaklingsbundið, markmiðsbundið námsmat, áætlanagerð og einstaklingsbundið val nemenda og aukna ábyrgð þeirra á eigin námi. Í sveigjanlegu skólastarfi er þannig reynt að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklingsins og taka tillit til þess að bekkirnir eru blandaðir, með því að bjóða upp á fjölbreyttara námsefni. Ásamt því að leggja áherslu á einstaklingskennslu er leitast er við að efla samvinnu nemenda með því að gefa þeim kost á að vinna saman tveimur og tveimur eða í stærri hópum“ (Skólanámskrá, kafli 3.2).

Samkvæmt vinnustaðgreiningunni 2007 meta starfsmenn í Vesturbæjarskóla það sem svo að þeim gangi nokkuð betur að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda en starfsmenn í öllum grunnskólum samkvæmt meðaltalsgildinu (fullyrðingin fær gildið 3,87 í Vesturbæjarskóla miðað við meðaltalsgildið 3,42 í öllum grunnskólum). Að sögn kennara einkennir einstaklingsmiðað nám skólastarfið allt. Nemendur læra að skipuleggja sig og læra að bera ábyrgð á eigin námi. Samvinna, ábyrgð á náminu og vellíðan eru áherslupættir. Foreldrar eru misjákvæðir gagnvart einstaklingsmiðuðu námi, í rýnihópi koma fram efasemdir um að nemendur séu að nýta tímann vel til náms og sérstaklega nefnt að bráðger börn „fái ekki þjónustu“. Einnig kemur fram að „krakkarnir séu sterk“ og þeim gangi vel þegar þau koma í Hagaskóla. Foreldrar láta einnig það álit í ljós að skólinn sé að gera vel en borgin ekki að standa sig, það þurfi meira til svo einstaklingsmiðað nám virki.

Skólinn er kominn langt í viðhorfum og stefnumótun og einnig í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms. Kennarar eru samtaka í að nemendur fái nám við hæfi og námsleiðir séu fjölbreyttar. Í vettvangsathugunum og einnig í bekkjarnámskrám kemur fram að kennarar nota margar aðferðir og leiðir í kennslu og námstillhögun bæði í yngri og eldri deildum. Í stofum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufriður og ró var reglan (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekki, fylgiskjal 2). Það er styrkur skólans að mati kennara að vera „alltaf að prófa eitthvað nýtt“. Þar er nefnt t.d. Montessori- aðferðir og gögn.

Í skólanámskrá er lýst nokkrum þáttum sem einkenna skólastarf í Vesturbæjarskóla.

Heimakrökur er í öllum bekkjarstofum. Í heimakrök fara fram: Umræður, bein kennsla, leikir, nemendur kynna það sem þeir hafa unnið, tekið er manntal, upplýsingum komið á framfæri, nesti borðað, lesnar sögur fyrir nemendur, nemendur „velja“ og ýmislegt annað sem kennari skipuleggur. Nemendur koma oft saman í heimakrök í lok dags (Skólanámskrá, kafli 3.2). Þetta sáu athugendur í heimsóknnum sínum í bekki, þó greinilega sé misjafnt eftir aldri og bekkjum að hve miklu leyti og í hvaða verkefnum heimakrökur er notaður. Kennari talar um að nota heimakrök í beina kennslu þegar hún er viðhöfð, síðan er farið í verkefni sem tengjast því sem farið var yfir.

Val: Nemendur fá að velja milli ákveðinna verkefna samkvæmt ákveðnum reglum. Ýmist skráir kennari valið eða nemendur sjálfir á þar til gerð valblöð. Valtímar eru mismunandi margir á viku (Skólanámskrá, kafli 3.2). Í valtímum er bekkjum blandað saman. Bekkirnir geta ýmist verið úr sama árgangi eða árgangar blandast saman. Þegar nemendur hafa valið dreifast þeir um kennslurýmið á mismunandi svæði, þannig blandast nemendur úr tveimur eða fleiri bekkjum. Þeir kennarar sem vinna saman í kennslurými skipta því með sér og hver kennari ber ábyrgð á ákveðnum svæðum í ákveðinn tíma í senn. Blöndun nemenda á svæðum er mismikil, fer það eftir samsetningu og stærð bekkja (Skólanámskrá, kafli 3.2). Kennarar leggja mikla vinnu í að undirbúa vel verkefni í vali, þau geta síðan verið í boði í 3-4 mánuði. Skipt er um verkefni jafnt og þétt, bætt við og endurnýjað. Í vettvangsathugun kom athugandi

þar sem verið var að velja og vakti athygli hve langan tíma það tók, tuttugu mínútur liðu þar til nemendur komust í valverkefni, þennan tíma áttu nemendur að nota til að lesa en mest var spjallað á meðan beðið var. Í vali voru áhugaverð verkefni og nemendur virkir í vinnu þann tíma sem valið stóð að því er best varð séð. Verkefni í vali eru gjarnan útvíkkun á því sem nemendur eru að gera í kjarnagreinum og frekari þjálfun.

Svæði: Kennarar undirbúa svæði þar sem komið er fyrir ákveðnum viðfangsefnum og þeim gögnum sem nemendur þurfa á að halda við vinnuna. Svæðin eru mismunandi eftir viðfangsefnum, aldri og getu nemenda. Á hvert svæði kemst takmarkaður fjöldi nemenda í vinnu samtímis. Nemendur vinna hver fyrir sig eða í hópi. Við val viðfangsefna, sem nemendur geta unnið á svæðum styðjast kennarar við námskrá, áhugamál nemenda og viðfangsefni líðandi stundar (Skólanámskrá, kafli 3.2).

Áætlun/eftirlit: Yngri nemendur gera áætlun fyrir eina kennslustund í einu með því að velja sér viðfangsefni. Nemendur byrja að gera vikulega áætlun í 3.bekk. Misjafnt er hvernig áætlun/eftirlit fer fram hjá árgöngum og fer eftir aðstæðum í hverjum bekk. Hver nemandi gerir áætlun einu sinni í viku og skilar jafnframt til kennara fyrri áætlun. Kennari fer yfir hvort nemandi hefur staðist þá áætlun. Áætlun er oft tvíþætt þ.e. kennaraáætlun og nemendaáætlun (Skólanámskrá, kafli 3.2). Nemendur tala um að kennarar hrósi, t.d. þegar þau standast áætlun fá þau límmiða og þegar þau gera einhver verkefni sérstaklega vel skrifar kennarinn hrós í bókina. Kennari lýsir þessu sem samræðu milli hans og nemandans um það hvernig hefur gengið að standa við það sem nemandinn áætlaði að vinna í vikunni, var það of mikið eða lítið, flestir áætla hæfilega en þó getur reynst nauðsynlegt að setja lágmark fyrir einstaka nemendur. Áætlunin miðast mest við bækur og blaðsíður en verið er að vinna að því að tengja námsmarkmið betur inn og gera nemendur meðvitaða um þau.

Heimanám er í lágmarki og er það tengt við vinnu eftir áætlun. Áætlun er kynnt vel fyrir foreldrum þegar hún er fyrst tekin upp. Með því að fylgjast með áætlun fylgjast foreldra með námi barna sinna, því nemendur fara stundum heim með bækur og ljúka því sem ekki var lokið í skólanum.

Í 7. bekk er það kennarinn sem setur nemendum fyrir og birtir í Mentor. Bekkurinn fylgist þá að í yfirferð námsefnis í stað þess að hver fari á sínum hraða. Þetta er hugsað sem aðlögun að flutningi þeirra í unglingaskóla.

Nemendum finnst álag hæfilegt „ekki of mikið um próf“ og ekki mikill heimalærdómur nema þau velji það sjálf eða ljúki ekki öllu í skólanum sem þau höfðu ætlað sér.

Fjölbreytt nám og kennsla. Í vettvangsathugunum kemur fram að skólastofur bera þess greinileg merki að þar fer fram fjölbreytt starf. Á einum stað er því lýst að „stór bókaormur liðast um stofuna, verkefni um dýr sem börnin í bekknum eiga, harmonikkubækur með ritverkum nemenda og blóm þar sem handarafbrykk nemenda mynduðu gult páskablóm skreyttu gluggana“ (sjá fylgiskjal 2 vettvangsathuganir).

Þemaverkefni tengjast helst samfélagsgreinum, s.s. í söguramma. Sjaldnar eru verkefni sem samþætta fleiri greinar en þemu teygja sig stundum yfir í list- og verkgreinar. Ákveðinn hluti verkefnis er þá unninn í list- eða verkgreinatímum, s.s. þegar bækur eru saumaðar.

Borðum er raðað í hópauppröðun í öllum stofum. Á veggjum skólastofanna og á göngum eru fjölbreytt verkefni sem sýna hvað nemendur hafa verið að fást við. Einnig eru í hverri stofu

veggspjöld og námsgögn sem tengjast þeirri námsgreinum og/eða valsvæðum. Nemendur voru ýmist að vinna einir að verkefnum hver á sínum hraða eða að vinna saman að lausn verkefna. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda.

Í textíl og smíði voru einnig fjölbreytt verkefni í gangi þegar heimsótt var, m.a. voru nemendur í textíl að undirbúa verkefni sem síðar eiga að fara á listsýningu barna. Í myndmennt voru nemendur í 2. bekk að útbúa grímur, allir að vinna í grunninn sama verkefni en útfærsla hvers og eins með ólíku sniði. Í tónmennt fer fram fjölbreytt nám, áhersla er á virkni nemenda, hreyfingu og tjáningu. Nemendur í 3. bekk vinna að tónlistarleikhúsi þar sem sameinast tónlist (tónsköpun), hreyfing og talað mál. Samsöngur á sal er fastur þáttur í skólastarfinu undir stjórn tónmenntakennara.

Útikennsla er þáttur sem verið er að efla í skólastarfinu. Þá vinnur árgangurinn saman og nemendur blandast í fjölbreyttum verkefnum.

Skólasafn og tölvustofa eru á tveimur hæðum í miðju skólans á 2. hæð og inndreginni 3. hæð. Tölvustofa er á annarri hæðinni. Hún er mikið notuð í kennslu ýmissa greina. Að vera með safnið og tölvustofu í opnu rými hefur kosti og galla að mati rýnihóps. Kostur að rýmið er miðsvæðis og aðgengilegt en gegnumgangur og hávaði eru meðal ókosta.

Námsmat

Í skólanámskrá kemur fram að mat skal vera leiðbeinandi, hvetjandi fyrir nemandann og upplýsandi fyrir foreldra. Að nemandi læri að bera ábyrgð á námi sínu og meta eigin vinnu.

Námsmat skólans er einstaklingsbundið og í framsetningu er það tvískipt. Annars vegar er staða nemandans metin út frá markmiðum námsgreina með bókstöfum – **S** settu marki náð, nemandinn hefur náð því markmiði sem sett var með náminu – **F** framvinda góð, nemandinn á stutt í að ná markmiði – **R** á réttri leið, nemandinn er kominn af stað í vinnu að markmiði - **P** þarfnast frekari þjálfunar, endurskoða þarf markmið nemandans og leiðir að því. Hins vegar er reitur fyrir samfelld mál sem á að vera upplýsandi, hvetjandi og leiðbeinandi. „Aðalmálið er að skoða framfarir nemenda“, kemur fram í rýnihópi kennara.

Til að kennari viti hvort hann á að gefa nemenda S, F, R eða P við námsmatsmarkmið á vorin þarf mikil eftirlitsvinna/símat að hafa átt sér stað allan veturinn. Það eftirlit fer þannig fram að af og til yfir veturinn skráir kennari hjá sér hvernig nemandi hefur staðið sig (Skólanámskrá, námsmat).

Samráðsfundir þar sem foreldrar og nemendur hitta kennara eru tvisvar á skólaári. Fyrir þá er sent heim skjal sem foreldri annars vegar og nemandi hins vegar færa inn á sitt mat á því hvernig gengur í skólanum í einstökum greinum, hvernig gengur að vinna eftir áætlun og samskipti og líðan.

Námsárangur er yfirfarinn og einnig rætt um samskipti þegar nemandi, kennari og foreldri hittast í viðtali en ekki „bara kalt námsmat“, kemur fram í rýnihópi foreldra. Þar kemur einnig fram að erfitt geti verið fyrir foreldra að átta sig á námsmati og hvað börnin eru að læra í hverjum árgangi. Vantar viðmið um það hvað börnin eiga að kunna eftir hvert námsár.

Endurskoðun er í gangi í skólanum við að þróa námsmatið þannig að til verði samfelld námsmarkmið í öllum greinum frá 1.-7. bekk. Þá er hægt að merkja við þegar ákveðnum

markmiðum er náð. Kennarar hafa verið með þessi markmið hjá sér en stefnt að því að gera þau sýnilegri fyrir nemendum og foreldrum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skólinn er kominn langt í viðhorfum, stefnumótun og framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms.
- Markvisst skipulag stýrir námi og kennslu. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda jafnt og einstaklingsmiðað nám.
- Skipulag náms er miðað við árganginn, í vali blandast bekkir og árgangar í misstórum hópum.
- Nemendur fást við fjölbreytt verkefni og læra að bera ábyrgð á eigin námi í vali og áætlun.
- Nemendur gera sér áætlun í kjarnagreinum fyrir viku í senn í 3.-6. bekk. Í 7. bekk kemur áætlun frá kennara.
- Námsmat skólans er einstaklingsbundið. Verið er að þróa markmiðstengt námsmat.

Sérkennsla

Deildarstjóri sérkennslu er í 50% starfi, hann fylgist með sérkennurum og er tengiliður við þjónustumiðstöð í Vesturgarði. Deildarstjóri skipuleggur einnig stundaskrá fyrir sérkennsluna. Fram kemur það álit að ekki veitti af að deildarstjóri væri í fullri stöðu. Fundir og samráð rekst oft á við fasta kennslu sem deildarstjórinn á einnig að sinna.

Í skólanámskrá er fjallað um námsver og þeir sem þurfa að nýta sér stefnuna varðandi nemendur með sérþarfir þekkja hana. Þar segir m.a.: Sérkennsla fer ýmist fram inni í bekkjum, í minni hópum og sem einstaklingskennsla. Þegar sérkennsla fer að mestu leyti fram utan bekkjar skal þó leitast við að verja hluta tímans inni í bekknum með nemandanum ákveðið tímabil og athuga stöðu hans í hópnum og þá námsaðstöðu sem hann hefur í bekknum. Einstaklingsáætlanir eru unnar á grundvelli greiningar af þeim er hafa sérkennslu með höndum. Leitast er við að hafa áhrif á framboð og fjölbreytni verkefna inni í bekk fyrir nemendur í sérkennslu. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf hjá yngstu aldurshópnum; reynt er að skapa úrræði til þess að mæta þörfum yngstu nemendanna, þjálfun gróf- og fínhyfinga, málörvun og lestrarnám. Áætlanir eru unnar á grundvelli greininga sem byrjað er að gera í 1. bekk (Skólanámskrá, sérkennsla).

Skipulega eru lagðar fyrir skimanir, Læsi, Talnalykill og fleiri til að finna þá sem þurfa sérkennslu. En það fá ekki allir sérkennslu sem þurfa hana, „það eru þessir sem eru á gráa svæðinu“, kemur fram í rýnihópi. Sérkennsla er að hluta skipulögð í námskeið í 6 vikur, sem eru endurtekin. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar taka yngri börnin og hlusta á þau lesa í 5 mínútur, til að tryggja reglulegan daglegan lestur til viðbótar við heimalestur.

Hverjir eiga að fá sérkennslu er sameiginleg ákvörðun kennara og sérkennara „þetta er svo lítill skóli að fólk kemur bara og ræðir málin“. Sérkennarar hitta foreldra sérkennslubarna nokkuð oft, en eru meira í eftirliti með þeim sem eru eldri, „það er mikið mál að skipuleggja sérkennslu fyrir eldri börnin af því að það má ekki taka þau út úr sérgreinum og svoleiðis, það er frekar að láta foreldra vita hvað eigi að gera meira“. Stuðningsfulltrúar taka einnig að sér mikla þjónustu við nemendur, þeir koma að bekknum í heild, eða taka inn í hegðunarver í samstarfi við bekkjarkennara og eru úti í frímínútum með nemendum. Að mati foreldra fá

börn með sérþarfir góða þjónustu í skólanum en það sama er ekki hægt að segja um bráðgera nemendur og telur viðkomandi að það eigi við í skólasamfélaginu öllu.

Ágætis aðstaða er til sérkennslu í rúmgóðri stofu sem er hlýleg og vel útbúin, önnur minni er fyrir kennslu nýbúa. Sérkennarar hafa til umráða tvær tölvur, eina í námsverinu og eina fyrir kennarana. Vantar fleiri tölvur fyrir nemendur, mikið af kennslugögnum sem nýtast þessum hópi eru aðgengileg í gegnum tölvur, kemur fram í rýnihópi.

Sérkennari er lítið inni í bekk, en er með litla hópa, og segir það henta betur og falla auk þess vel inn í skipulagið sem byggir á að nemendur eru í ólíkum hópum og á ólíkum stöðum „er svo algengt að vera fara út úr stofunum þannig að það er ekkert áberandi þessir sem eru að fara í sérkennslu“. Einstaklingskennsla er eingöngu viðhöfð í lestrarkennslu. Sérkennarar skipta með sér verkum, ein sér um félagslega þáttinn, önnur lestur og stærðfræði, og deildarstjórinn „tekur það sem til fellur“. Einn sérkennarinn hefur fylgt einum einhverfum nemanda og verið með áherslu á félagsfærni.

Engir hreyfihamlaðir nemendur eru í skólanum, aðgengi er ekki alveg hentugt, „þegar maður er komin inn í húsnæðið er það í lagi en lyftan er bara fyrir litla hjólastóla ekki stóra - ekki er hægt að fara út á lóðina með hjólastól og það eru tröppur niður í íþróttasal“, kemur fram í rýnihópi. Engin séraðstaða er fyrir hendi, s.s. hvíldarherbergi, skiptiaðstaða eða slíkt.

Viðhorf nemenda til sérkennslunnar er jákvætt að mati sérkennara, „nemendur elska það að fá sérkennslu“, sérstaklega yngri nemendur svo dregur úr því, en í 5.-6. bekk koma þau aftur af því að þeim finnst gott að fá hjálp. Að mati sérkennara finnst nemendum betra að fá sérkennslu fyrir utan bekkinn, „þau fá frið og bekkurinn frið frá þeim“. Þegar nemendur glíma við verkefni við hæfi þá finna þau til meira sjálfstæðis og líður betur.

Sömu kennarar hafa sinnt sérkennslunni í nokkur ár og líkar það vel, „þægilegt að vita hvað maður gerði áður og það fylgir traust með því að vera með sömu aðilana í þessu“. Þeim finnst þær ekki vera undir álagi í starfinu.

Samskipti við kennara og foreldra eru almennt góð, sérkennarar hafa sem reglu að foreldrar séu upplýstir um það sem gert er í sérkennslunni og hvernig búist er við að framfarirnar verði.

Viðhorf kennara til nemenda með sérkennsluþarfir er misjafnt „en svo sér maður fólk breytast í viðhorfi til nemanda eftir að fá einhverjar leiðsögn og útskýringar hvernig nemandinn er“. Nemendur með námslegar sérþarfir fá meiri þolinmæði en þeir sem eru með hegðunarlegar sérþarfir að mati viðmælenda. Nemendur í sérkennslu eru ekki endilega þau sem lenda í útistöðum. Við leitum til bekkjarfélaga ef þarf að styrkja félagslega þætti „það er svo gott af því að stærðin á skólanum er svo passleg“.

Sérkennari situr stígsfundi kennara, en ekki samstarfsfundi árganga. Fastir fundir um sérkennsluna eru fáir en „við höfum verið að ræða um að hittast markvisst og fara yfir málin og hvað var gert, hvað var gert gott og hvað mætti bæta“. Sérkennarar hafa tekið þá stefnu að upplýsa starfsfólk mjög vel og það hefur verið mjög jákvætt, upplýsingar veita börnum meira umburðarlyndi sem eiga erfitt með að stjórna hegðun sinni. Deildarstjóri sérkennslu hittir stuðningsfulltrúa reglulega, til að upplýsa þá og ræða hvernig væri hægt að sinna barninu betur, það styður þá í starfi að hennar mati.

Ráðgjöf til kennara: Ráðgjöf við kennara tengist þeim úrræðum sem fyrir hendi eru og þá veita sérkennarar ráðgjöfina. Kennari talar um að leita til annarra kennara innan húss sem hafa þekkingu og reynslu á ákveðnu sviði. Annars fara málin í gegnum Vesturgarð eða skilafundi frá öðrum stöðum. Áhersla hefur verið lögð á forvarnir, skólinn fékk styrk frá Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Skólinn er líka með forvarnir gegn einelti í Olweusarverkefni.

Þjónustumiðstöð: Skólinn hefur aðgang að ráðgjöf í Vesturgarði. Samskiptin eru góð að mati kennara og stjórnenda. Kennsluráðgjafi og sálfræðingur þekkja til skólans og auðvelt að leita til þeirra. Kennsluráðgjafi hefur komið í bekki þar sem eru vandamál. Einnig er gott að geta vísað foreldrum á þá þjónustu sem þar er að finna.

Lausnateymi er ekki starfandi við skólann. Fram kemur að áhersla sé lögð á samábyrgð kennara og staðið saman að því að leysa mál. Kennarar geta leitað til deildarstjóra eða sérkennara um ráðgjöf.

Nemendaverndarráð fundar reglulega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Deildarstjóri sérkennslu er starfandi í 50% stöðu. Hann skipuleggur stundaskrá sérkennslunnar.
- Leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum.
- Sérkennsla fer að mestu fram í litlum hópum utan bekkjar.
- Viðhorf nemenda til sérkennslunnar er jákvætt.
- Áhersla er á að upplýsa starfsfólk mjög vel um sérkennsluna.
- Lausnateymi er ekki starfandi við skólann en deildarstjóri og sérkennari veita ráðgjöf og stuðning.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Vesturbæjarskóla sú að 79% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð hærra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 69% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Vesturbæjarskóli og skólahverfi).

Í rýnihópum nemenda kemur fram að þau telja að almennt líði nemendum vel í skólanum „í bekknum erum við vinir“, en bæði í eldri og yngri hóp er talað um stríðni í frímínútum og að þá líði sumum illa. Þau kannast þó ekki við einelti. Fullorðnir eru til staðar í frímínútum en „soldið vont að maður fer að ná í kennarann en þá eru krakkarnir alltaf farnir“.

Nemendur tala einnig vel um kennarana og finnst þeir almennt góðir og fróðir „kunna vel það sem þeir eiga að kenna“ en „stundum ... geta þeir orðið strangir“. Ánægðust eru þau með íþróttir, útivist og heimilisfræði.

Kennarar leggja mikið upp úr því að samskipti við nemendur séu góð „hér er væntumþykja ... og samskipti eru á persónulegum nótum“. Kennarar þekkja nöfn flest allra nemenda.

Foreldrar segja að krakkarnir séu almennt ánægðir með kennarana, en „krökkum finnast kennarar leiðinlegir þegar þau eru í 7. bekk“.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum líður vel í skólanum og eru almennt ánægðir með kennara sína.
- Nefnt er að einstaklingar verði fyrir stríðni í frímínútum.

Félagslíf og skemmtanir

Í Skólanámskrá er fjallað um félagsstarf nemenda, þar segir að fram fari hefðbundið félagsstarf; bekkjarkvöld, diskótek, félagsvist, ferðalög og fleira. Einnig segir að ÍTR hafi yfirumsjón með tómsundastarfi nemenda skólans. Á heimasíðu eru ekki sérstakar upplýsingar um félagsstarf nemenda.

Í Frostaskjóli er boðið upp á félagsstarf fyrir nemendur í grunnskólum í Vesturbæ. Í skólanum er Frostaráð í hverjum bekk á miðstigi sem tekur þátt í að skipuleggja böll fyrir alla skólana. Ágæt þátttaka er í þeim. Nemendur í rýnihópi þekkja lítið til annarrar starfsemi sem fer fram í Frostaskjóli.

Bekkjarkvöld eru einu sinni til tvisvar á ári með þátttöku foreldra, einnig nefndu nemendur bingókvöld og náttfatapartí. Þau kalla eftir fleiri bekkjarkvöldum og vinahópa vilja þau fá aftur.

Nemendaráð

Í skólanámskrá er ítarlegur kafli um nemendaráð hlutverk þess og skipan. Kosið var í nemendaráð sl. haust, kosnir eru 2 nemendur úr hverjum árgangi í 5.-7. bekk. Nemendur segja eftirsóknarvert að sitja í nemendaráði. Kennari sem sá um starfsemi nemendaráðs fór í leyfi frá skólanum snemma hausts og enginn hefur tekið við umsjón þess í vetur. Nær eina verkefni ráðsins í vetur hefur verið að koma að undirbúningi árhátíðar nemenda.

Að sögn rýnihóps nemenda fjallar nemendaráðið um „skólann og reynir að laga hann“. Þar sem ráðið hefur ekki verið virkt í vetur var ekki hafður rýnihópur með því eins og annars er gert. Þetta var ákveðið í samráði við skólastjóra.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í skólanum fer fram hefðbundið félagsstarf með þátttöku nemenda og foreldra.
- Nemendur í 5.- 7. bekk eiga fulltrúa í nemendaráði.
- Nemendaráð hefur lítið verið virkt á þessu skólaári.

Reglur og agi

Nemendur þekkja skólareglurnar vel kemur fram í rýnihópum þeirra og hafa tekið þátt í að móta bekkjarreglur. Viðurlögin við brotum eru að þau eru send til skólastjórans „ef það er alvarlegt“ eða „bara talað við mann“. Þeim finnst þau örugg í skólanum og segja að almennt sé góður vinnufriður.

Samskipta- og umgengnisreglur Vesturbæjarskóla eru hluti af skólanámskrá og einnig birtar í sérstökum þésu. Þar er fjallað um tillitssemi, rétta og góða hegðun og umgengni á jákvæðan hátt. Sérstakar reglur eru um hegðun í heimakrók, á vinnusvæðum og á skólalóð. Viðurlög við brotum koma einnig fram, þar segir m.a. „í flestum tilvikum þegar nemandi verður á að brjóta reglur nægir að kennari ræði við hann og geri honum grein fyrir að hegðun hans hafi verið

ámælisverð“. Í skólastofum hanga upp reglur á svæðum sem eru hluti af samskipta- og umgengisreglum. Hjá kennara kemur fram að ekki sé vilji fyrir því að „hafa gangana fulla af reglum“, en reglur eru ræddar með nemendum og einnig á bekkjarfundum sem eru í flestum bekkjardeildum.

Í stefnu um agamál er lögð áhersla á að kennarar kynni skólareglur fyrir nemendum, foreldrar fái reglurnar í hendur og starfsfólk fylgi þeim eftir. Þar segir einnig að bak við aga skólans ríki ákveðin hugmyndafræði sem tekur mið af fyrsta meginmarkmiði skólans sem fjallar um að nemendum skuli líða vel í skólanum, virðing sé borin fyrir þeim og leitast er við að skapa nemendum öruggt umhverfi og láta þá finna að starfsmenn beri hag þeirra fyrir brjósti. Lögð er áhersla á að leiðbeina nemendum og hjálpa þeim að byggja upp sjálfsaga. Einnig að vinna með foreldrum ef árekstrar koma upp. „Reynum alltaf fyrst að klára málið milli kennara og barna“, kemur fram hjá kennara, ef það tekst ekki er hægt að leita til deildarstjóra eða sérkennara til liðsinnis.

Í rýnihópi foreldra kemur fram að agastjórni mætti vera meiri í skólanum og er það tengt einstaklingum sem eru „forhert“. Einnig kemur fram að kennarar leggi nemendur í einelti sem eru „klárir og kraftmiklir krakkar“.

Vesturbæjarskóli hefur tekið þátt í Olweusarverkefni gegn einelti og útbúið áætlun í eineltismálum sem byggir á því að umsjónarkennari vinni með mál sem upp koma en getur sótt sér ráðgjöf og stuðning hjá nemendaráðgjafa.

Í vettvangsathugunum var góður vinnufriður að mati athugenda bæði í eldri og yngri deildum og nemendur almennt vinnusamir og áhugasamir um verkefni sín. Sérstaklega er talað um hlýju í garð nemenda í yngri deildum. Helst varð vart við óróa í elsta hópnum (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekki, fylgiskjal 2).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Settar eru bekkjarreglur í flestum bekkjardeildum í samráði við nemendur.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu.

Fjarvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2007 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar) koma varla fyrir og brottrekstur kemur hvergi fyrir. Leyfi fara hæst í 3.8% í öðrum bekk og veikindi eru um 3.7% að meðaltali.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf fjarveru nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Í könnun á viðhorfum forráðamanna til skóla árið 2006 mælist ánægja foreldra með Vesturbæjarskóla tæpt 71% sem er undir meðaltali í Reykjavík (tæp 80%).

Foreldraráð fundar einu sinni í viku og er skólastjóri með á öllum fundum ráðsins, deildarstjóri situr einnig fundina. Fundargerðir eru ekki birtar á heimasíðu en sendar

foreldrum. Fundir foreldrafélags eru einnig haldnir reglulega og upplýsingar fara á milli með fulltrúum sem sitja bæði í foreldraráði og stjórn foreldrafélags. Góð samvinna og samstarf er við skólastjóra að mati rýnihóps foreldra og foreldrar eru upplýstir um niðurstöður skólans í ýmsum könnunum.

Góð þátttaka foreldra er í viðburðum á vegum foreldrafélags og skólans, s.s. þemadögum, skólahlaupi og jólaföndri og foreldrar mæta yfirleitt vel á fundi nema aðalfund. Foreldrar eru velkomnir í skólann, skólinn hvetur þá til að koma og býður t.d. foreldrum í morgunkaffi og samverustund þar sem foreldrar kynna störf sín fyrir nemendum. Foreldrar fara gjarnan með nemendum í ferðalög og heimsóknir og þeir geta komið og fengið hafragraut með börnum sínum á morgnana þó að ekki séu margir sem notfæra sér það.

Foreldrum finnst gott að leita til starfsfólks skólans „allir boðnir og búnir“ og „hlutir eru gerðir hér í samráði við foreldra“. Þróunarverkefni í foreldrasamstarfi var sett á stað fyrir nokkrum árum „Allir í sama liði“. Að mati kennara hefur það haft mikil og góða áhrif á samskiptin þar sem því hefur verið fylgt frá skólabyrjun.

Rýnihópur foreldra telur upplýsingaflæði gott. Upplýsingar fara bæði með tölvupósti og í töskum barnanna. Flestir kennarar senda upplýsingar einu sinni í viku til foreldra. Það er samráðsfundur einu sinni á ári og viðtöl tvisvar á ári. Að sögn foreldra er brugðist skjótt við ef „eitthvað er að angra foreldra og unnið strax í málunum“.

Fram kemur að hópur foreldra við skólann hefur verið neikvæður og „eittrað út frá sér“. Sum þessara foreldra hafa tekið börn sín úr skólanum en halda áfram með neikvætt umtal og „hafa gefið sér skotleyfi á skólann“.

Foreldrahópurinn var mjög gagnrýninn á borgarkerfið og taldi að ekki væri hlustað á raddir skólans og foreldra og erfiðlega hefði gengið að ná fram umbótum t.d. á skólalóð. Menntasvið styður ekki við skólann og tekur starfsmenn til sín, þar með falla niður verkefni sem viðkomandi starfsmaður hafði umsjón með. „Menntasvið á að þjóna en ekki sjúga upplýsingar frá skólanum“, kemur fram í rýnihópi foreldra.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja foreldra með skólann mælist tæp 71% og heldur lægri en í skólum borgarinnar að meðaltali.
- Foreldrar styðja vel við skólann en eru gagnrýnir á Menntasvið og aðrar borgarstofnanir.
- Neikvæðar raddir ákveðins foreldrahóps hafa haft áhrif á skólastarfið.
- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Upplýsingamiðlun til foreldra er talin góð í öllum bekkjardeildum.

Starfsmenn og líðan

Starfsfólk Vesturbæjarskóla er á heildina litið frekar ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 4.13 (á starfhæfu bili)³ sem er aðeins hærra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja mælist aðeins hærri en að meðaltali í Reykjavík og er nær óbreytt árið frá árinu

³ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

2005. Starfsmannavelta er 36% árið 2006 eða heldur meiri en að meðaltali í Reykjavík (sjá nánar í fylgiskjali 1, Vesturbæjarskóli og skólaumhverfi).

Í vinnustaðgreiningu vorið 2007 voru fimm hæstu fullyrðingar (allar á styrkleikabili):

- Næsti yfirmaður sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu- eða einkamálum.
- Ég get leitað til einhvers á mínum vinnustað/skóla þegar upp koma vandamál í tengslum við starf mitt.
- Ég legg mikið á mig til að koma til móts við nemendur/börn og foreldra þeirra.
- Samstarfsfólk mitt sýnir mér virðingu á mínum vinnustað/skóla.
- Ég reyni iðulega að leita nýrra leiða til að vinna starf mitt betur.

Fimm lægstu fullyrðingar voru (allar á aðgerðabili):

- Mér finnst þau laun sem ég fæ sanngjörn miðað við ábyrgð mína í starfi.
- Hversu mikið eða lítið er vinnuálag þitt?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt(ur) sl. þrjá mánuði þegar þú stendur andspænis nýjum vinnudegi?
- Hve oft eða sjaldan hefur það komið fyrir á sl. þremur mánuðum að þú hafir þurft að vinna lengri vinnudag en þú gerðir ráð fyrir að morgni.
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður(uð) í lok vinnudags sl. þrjá mánuði.

Almennt sýna niðurstöður vinnustaðgreiningar fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 jákvæða þróun fyrir Vesturbæjarskóla. Af tíu mestu breytingum frá síðustu mælingu 2005 eru átta jákvæðar. Samkvæmt niðurstöðum upplifir starfsfólkið að sveigjanleiki með vinnutíma hafi aukist og að stjórnun sé betri en niðurstöður sýndu árið 2005. Tíu mestu frávik Vesturbæjarskóla frá grunnskólum í heild eru einnig öll jákvæð. Starfsfólk í Vesturbæjarskóla telur sig geta betur komið til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda en almennt í grunnskólum og tvær spurningar er mæla liðsheilid og þverfaglegra samvinnu eru meðal tíu mestu jákvæðra frávik skólans frá grunnskólum í heild.

Svarhlutfall Vesturbæjarskóla var 100% (meðalsvarhlutfall var 77%).

Samstarf

Kennarafundir eru einu sinni í viku og fyrri hluta fundarins eru tekin mál sem varða alla starfsmenn svo þeir þurfi ekki að sitja undir umræðu sem snertir þá ekki. Á kennarafundum fer fram upplýsingamiðlun og umræða um fagleg málefni. Samstarf kennara er mest um árganginn og svo milli þeirra árganga sem vinna saman. Stigsfundir fyrir kennara sem kenna á sama stigi eru haldnir eftir þörfum. List- og verkgreinakennarar hafa aðallega samstarf við aðra kennara þegar kemur að samþættingu bóklegra og list- og verkgreina.

Lögð er áhersla á að leysa öll mál saman og stuðningur er mikill milli kennara.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsfólk Vesturbæjarskóla er á heildina lítið frekar ánægt í starfi sínu.
- Upplýsingaflæði er gott að mati starfsmanna.
- Samstarf kennara fer mest fram á kennarafundum og á árgangafundum.
- Samstarf kennara snýst um skipulag náms og kennslu.

Starfsandi

Í vinnustaðagreiningunni 2007 fær fullyrðingin „Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað“ gildið 3,95 sem er einnig meðaltalsgildi allra grunnskóla í Reykjavík. Gildi skólans á þessari spurningu hefur lækkað nokkuð í þeim þremur mælingum er gerðar hafa verið frá árinu 2002, var þá 4,46.

Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 4,21 sem er aðeins hærra en meðaltal allra grunnskóla (4,13).

Í mælingunni árið 2007 fær skólinn gildið 4,18 við fullyrðingunni „Á mínum vinnustað/skóla leitum við stöðugt nýrra tækifæra til að bæta árangur okkar“ sem er fyrir ofan meðaltalsgildi allra grunnskóla (4,05). Gildið við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fær gildið 3,95 sem er einnig nokkuð fyrir ofan meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,61).

Í rýnihópum kemur fram ánægja með skólann sem vinnustað, „andinn í starfshópnum er mjög finn“. Hópur kennara hefur verið lengi við skólann og myndar kjarna sem byggir upp bæði innra starf og starfsanda. Fram kemur að hugsanlega sé erfitt fyrir nýja kennara að koma inn í hópinn „þeir nýju skilja þetta [skipulagið] ekki alveg“. Kennarar telja þó að allir séu boðnir og búnir að leiðbeina.

Fullyrðingin „Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel“ fær svipað gildi í Vesturbæjarskóla í mælingunni 2007 og í grunnskólum almennt (gildið 3,64 í Vesturbæjarskóla miðað við meðaltalsgildið 3,52 í öllum grunnskólum).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja er með skólann sem vinnustað og góður andi.
- Aðbúnaður í skólanum er góður og kennarar hafa almennt þau tæki og gögn sem þeir þarfnast.

Samskipti við nemendur og foreldra

Almennt eru samskipti við nemendur og foreldra góð að mati rýnihópa kennara, góður andi og gagnkvæm virðing ríkjandi. Jákvætt viðhorf til nemenda virðist ríkjandi og samskipti einkennast af umhyggju og hlýju.

Skólaárið 2004 – 2005 hlaut Vesturbæjarskóli styrk til þróunar verkefnisins „Allir í sama liði“ en markmið þess er að gefa foreldrum aukna hlutdeild í velferð barna sinna í skólanum. Verkefnið var unnið í 1. og 4. bekk. Áfram hefur verið unnið með verkefnið í nokkrum bekkjum á hverju ári og þau þróuð og endurbætt. Þar má nefna morgunkaffi með foreldrum, gullkorn, skrifað hrós um nemanda, og verkefni sem nemendur fara með heim, vinna með foreldrum og kynna sameiginlega í bekknum. Verkefnið hefur hlotið hvatningarverðlaun Heimilis og skóla. Að mati kennara leggur það góðan grunn að sameiginlegri ábyrgð foreldra og skóla á því að skólaganga barnsins sé árangursrík og jákvæð.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Tvisvar á ári eru samráðsviðtöl nemenda, foreldra og kennara þar sem farið er yfir nám og líðan. Fyrir viðtalið eru sent heim skjal sem nemendur og foreldrar fylla inn mat sitt á stöðunni, framgangi og líðan í skólanum.

Spurningar í vinnustaðagreiningu 2007 sem mæla viðhorf til samvinnu við foreldra sýna svipaða niðurstöðu og í grunnskólum almennt. Spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ fær gildið 4,35 í Vesturbæjarskóla sem er mjög svipað meðaltalsgildi allra grunnskóla sem er 4,32.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt ríkir jákvætt viðhorf til nemenda og foreldra meðal starfsmanna. Samskipti einkennast almennt af umhyggju og hlýju.
- Unnið hefur verið að þróunarverkefni um foreldrasamstarf sem hefur haft jákvæð áhrif.
- Upplýsingamiðlun til foreldra er góð.

Fjarvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2007. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁴ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 44,2 kennslustundir á önninni⁵, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 8,1 kennsludag á vorönn 2007.

Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi í 24 stundir á vorönn 2007, undir fjarvistir falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að aðrir starfsmenn en kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi um 3 vinnudaga á vorönn 2007.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf fjarveru starfsmanna

Símenntun

Símenntunaráætlun Vesturbæjarskóla fyrir skólaárið 2007-2008 var lögð fram í sérstöku hefti. Þar kemur fram að meginmarkmið áætlunarinnar er að styðja við það starf sem ákveðið hefur verið að sett verði á oddinn skólaárið 2007-2008 svo starfsfólk og nemendur fái tækifæri til að starfa af metnaði og gefist tækifæri til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Fullyrðingarnar í vinnustaðagreiningu 2007 er greina eiga viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu fá svipað gildi og meðaltalsgildi allra grunnskóla. Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fær gildið 3,82 (3,76 í öllum grunnskólum). Einnig fær fullyrðingin „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 3,89 (3,58 í öllum grunnskólum).

Símenntunaráætlun skólans hvílir á fjórum meginþáttum: innra mati, forgangsröðun, framkvæmdaáætlun og framkvæmd. Gerð er áætlun til þriggja ára og skólastjórnendur og stigstjórar koma að forgangsröðun. Tvö meginmarkmið eru sett fram og falla flest símenntunarverkefni undir þau.

- Að öllum líði vel í Vesturbæjarskóla. Að kenna nemendum tillitssemi í samskiptum og að bera virðingu hver fyrir öðrum og að efla með nemendum félagsþroska, sjálfsaga og sjálfsvirðingu. Undir þetta markmið falla m.a. *Olweusarverkefni* og *Vildarvog*.

⁴ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁵ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

- Að kennsluáðferðir, námsefni og námsumhverfi sé miðað við áhuga, þroska og getu nemenda með það að markmiði að hver nemandi nái eins góðum árangri og kostur er. Að efla frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og stuðla að skapandi hugsun og túlkun. Undir þetta markmið fellur m.a. móðurskólaverkefnið *Drengir og grunnskólinn* og þróunarverkefnið *Montessori og einstaklingsmiðað nám*.

Í yfirliti yfir símenntun er m.a. skráð hver ber ábyrgð á náminu eða námskeiðinu. Símenntun er kostuð af skólanum eða styrkjum úr símenntunarsjóðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2007-2008 tengist forgangsriðun verkefna í skólanum.

Stjórnun og skipulag

Skrifstofa skólans er aðgengileg á 1. hæð skólahússins og í ágætum tengslum við aðalinngang.

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri hafa skýra verkaskiptingu og ganga í þau verk sem fyrir liggja. Ekki hefur verið mikið um formlega fundi stjórnendateymis en stjórnendur setjast oft niður í óformlegt samráð. Leiðarljós stjórnenda er að leysa málin en geyma þau ekki. Í rýnihópum kennara kemur fram að gott aðgengi er almennt að stjórnendum og góður stuðningur við kennara. Einnig kemur fram að nýr skólastjóri kemur inn með annan stíl en sá fyrri og það tekur kennara tíma að aðlagast því „við erum vön stjórn þar sem okkur var sagt hvernig hlutirnir ættu að vera“, en nú er meira lagt upp úr umræðu og sameiginlegri niðurstöðu.

Fram kemur að mikill tími skólastjóra fer í samskipti við skólayfirvöld, vegna lóðarinnar og við byggingadeild vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar, hverfamiðstöð svarar seint viðhaldsbeiðnum og mikið er af skýrslum, en ekki bara frá Menntasviði.

Foreldrar í rýnihópi eru mjög ánægðir með samskipti við núverandi stjórnendur og finnst vera tekið vel á málum. Þar kemur einnig fram að skólastjóri standi sig vel í að vinna að málefnum skólans innan borgarkerfisins en fær ekki stuðning frá Menntasviði eða borgaryfirvöldum.

Fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ fær nokkuð hærra gildi en í grunnskólum almennt (4,08 miðað við 3,73 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Gildi skólans við þessari fullyrðingu hefur hækkað töluvert frá árinu 2005, var þá 3,54. Traust á næsta yfirmanni mælist einnig yfir meðaltalsgildi grunnskólanna (gildið 4,33 miðað við 4,20 í öllum grunnskólum). Fullyrðingin „Næsti yfirmaður minn drífur verkefni áfram“ fær einnig nokkuð hátt gildi, gildið 4,10 miðað við 3,87 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla. Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fær gildið 4,16 sem er nokkuð hærra en í grunnskólum almennt (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla).

Aðeins um 46% starfsmanna sem svöruðu könnunni höfðu farið í starfsmannasamtal á sl. 12 mánuðum sem er nokkuð langt frá meðaltali allra grunnskóla sem er 74%. Viðhorf til gagnsemi samtalanna mældist þó hærra en almennt í grunnskólum (4,06 í Vesturbæjarskóla miðað við 3,76 í öllum grunnskólum). Fullyrðingin „Á sl. sex mánuðum hefur yfirmaður

minn rétt við mig um hvernig ég stend mig í starfi“ fær gildið 3,41 sem er svipað og meðaltal allra grunnskóla (3,47) og hækkar gildi skólans nokkuð síðan í mælingu árið 2005, var þá 2,95. Fullyrðingin „Ég er hvattur/hvött til að koma með nýjar hugmyndir um hvernig má gera betur“ fær gildið 3,64 sem er mjög svipað og meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,65).

Hrós og endurgjöf stjórnenda mælist einnig yfir meðallagi í Vesturbæjarskóla samkvæmt vinnustaðagreiningu 2007. Fullyrðingin „Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum“ fær meðaltalið 3,90 í Vesturbæjarskóla, miðað við meðaltal allra grunnskóla, 3,67.

Stefna Vesturbæjarskóla er aðgengileg í skólanámskrá. Einkunnarorð skólans eru: **virðing - jákvæðni - samkennd - traust - ábyrgð - metnaður - gleði**. Stefnan tekur mið af grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla, lögum um heilsugæslu og sálfræðipjónustu í skólum, starfsáætlun Reykjavíkurborgar og skólastefnu KÍ. Meginstefnumið skólans er að leitast við að miða skólastarfið við þroska og áhuga hvers og eins og að gera nemendur sjálfstæða í verki og hugsun. Reynt er að koma til móts við þær væntingar sem samfélagið hefur um nám barna á tilteknum aldri og miðað er við í Aðalnámskrá grunnskóla. Skólinn starfar samkvæmt sveigjanlegum kennsluháttum. Í sveigjanlegum kennsluháttum er lögð áhersla á sveigjanlega stundaskrá, einstaklingskennslu, mikið og náið samstarf kennara, blöndun árganga, sérkennslu inni í almennum bekkjum, einstaklingsbundið, markmiðsbundið námsmat, áætlanagerð og einstaklingsbundið val nemenda og aukna ábyrgð þeirra á eigin námi. Í sveigjanlegu skólastarfi er þannig reynt að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklingsins, og taka tillit til þess að bekkirnir eru blandaðir, með því að bjóða upp á fjölbreyttara námsefni. Ásamt því að leggja áherslu á einstaklingskennslu er leitast er við að efla samvinnu nemenda með því að gefa þeim kost á að vinna saman tveimur og tveimur eða í stærri hópum. Stundatafla getur verið sveigjanleg, en það þýðir að misjafnt er hvað kennt er í hverjum tíma.

Starfsmenn virðast meta það sem svo að skólinn hafi sett sér skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ gildið 3,97 sem er nokkuð fyrir ofan meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,76) og ánægja með markmið og stefnu skólans mælast nokkuð fyrir ofan meðaltalið (4,00 í Vesturbæjarskóla miðað við meðaltalsgildið 3,77). Fullyrðingin „Reykjavíkurborg hefur skýra framtíðarsýn í menntamálum“ fær gildið 3,06 (meðaltalsgildi allra grunnskóla er 3,18).

Nemendur þekkja skólastjórann með nafni, hún kemur í stofurnar og hrósar þeim ef þau standa sig vel, aðra stjórnendur nefna þau ekki sérstaklega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Stefna Vesturbæjarskóla er skýr og vel mótuð, hún er aðgengileg í skólanámskrá frá árinu 2005-2006.
- Uppfæra þarf skólanámskrá til að hún endurspegli breytingar sem gerðar hafa verið á stefnu og framkvæmd.
- Skipulag er í föstu formi og rammi skólastarfs er skýr.
- Skólastjóri er sýnilegur þátttakandi í daglegu skólastarfi.
- Starfsfólk treystir stjórnendum og fær frá þeim hrós og endurgjöf.

Heimasíða

Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn jafnt og þétt að því er virðist. Fréttabréf á síðunni er þó frá okt. 2006. Síðan er nokkuð aðgengileg en þó ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna. Einkunnarorð skólans koma fram á forsíðu og bekkjarnámskrár eru aðgengilegar eftir bekkjum.

Í Skólanámskrá fyrir árið 2005-2006 er að finna lýsingu á stefnu skólans og markmiðum, skólanámskrá, upplýsingar eru um sérkennslu, foreldrastarf og fleira. Galli er að skólanámskráin hefur ekki verið uppfærð fyrir skólaárið í ár og því ekki í öllum tilvikum ljóst hvort upplýsingar eiga við.

Á heimasíðu eru upplýsingar um Vildarvog sem „er aðferð til að auðvelda fólki að verða sammála um það sem skiptir mestu máli (kjarnagildi) í starfsemi stofnana og fyrirtækja. Vildarvogin byggir annars vegar á hugmyndafræði síðfræðinnar um samræðu og lýðræðisleg vinnubrögð í samfélaginu og hins vegar um kröfu samtímans um mat á árangri og aukna þjónustu stofnana og fyrirtækja“. Fram kemur að frá árinu 2002 hefur verið unnið að stefnumótun undir formerkjum Vildarvogar og eru einkunnarorð skólans þaðan komin. Ekki kemur fram að hve miklu leyti enn er verið að vinna að þessari stefnumótun.

Upplýsingar frá foreldrafélagi og um foreldraráð eru einnig gamlar.

Heimasíðan er í endurhönnun samkvæmt upplýsingum sem fengust en hefur dregist þar sem ekki hefur fengist þjónusta frá tölvuþjónustu Menntasviðs.

Ekki fundust aðgengilegar upplýsingar um kennslu nýbúa né sjálfsmat og umbótaáætlun

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn.
- Síðan er í endurgerð, hún er þokkalega aðgengileg en ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna.
- Upplýsingar eru um þróunarverkefni og móðurskólaverkefni á heimasíðu.
- Ekki fundust upplýsingar á heimasíðunni um kennslu nýbúa. né sjálfsmat og umbótaáætlun.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Vesturbæjarskóla er í sérstöku hefti frá skólaárinu 2005-2006. Í henni er fjallað um **A Grunnforsendur að baki námskránni**: sérkenni skólahverfis og skólans, húsnæði og tölulegar upplýsingar, stjórnun, starfshætti, félags- og tómstundastarf, foreldrasamstarf og símenntun. **B Meginmarkmið skólans og leiðir til að ná þeim.** **C Nám og kennslu:** kennsluáferðir, mikilvægir þættir, bókasafn. **D Námsmat:** aðdragandinn. **E Hagnýtar upplýsingar:** ýmsar upplýsingar, samskipta- og umgengnisreglur. Ítarlega er fjallað um flesta þessa þætti og komið inn á flesta þætti sem birta skal í skólanámskrá. Auk skólanámskrár var skilað í sérstökum skjölum; skipuriti skólans, mannréttindastefnu Vesturbæjarskóla, upplýsingum um Olweusarverkefni, stefnu um agamál, áætlun um innritun og móttöku erlendra barna, áætlun um móttöku nýrra nemenda, sérkennsluáætlun, móttöku nýliða, áfallaráð Vesturbæjarskóla, og áætlun um kennslu í lífsleikni þar sem m.a. er fjallað um eitt af meginviðfangsefnum Vesturbæjarskóla að vinna að jafnrétti kynjanna út frá móðurskólaverkefninu drengir og grunnskólinn.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans og bekkjarnámskrár eru þar einnig.

Galli er að skólanámskráin hefur ekki verið uppfærð fyrir skólaárið í ár og því ekki í öllum tilvikum ljóst hvort upplýsingar eiga við.

Þættir sem ekki koma fram í skólanámskránni eru:

- hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
- verklagsreglur um slysavarnir
- lýsing á samstarfi við tónlistarskóla
- mötuneyti
- upplýsingar um vistvænan rekstur skólans
- upplýsingar um umhverfisáætlun, endurvinnslu, endurnýtingu o.fl.

Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga og greinar

Í bekkjarnámskrám sem birtar eru í heftum fyrir hvern árgang er að finna markmið hverrar námsgreinar, upplýsingar um kennslutilhögun og námsmat. Einnig eru upplýsingar til foreldra um námsmatsaðferðir, samstarf kennara, nemenda og foreldra, vinnubrögð, heimakrök, val áætlun, heimastofu og þemavinnu ásamt upplýsingum um félagsstarf nemenda. Náms- og kennsluáætlanir gilda fyrir skólaárið og fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í skólanámskrá Vesturbæjarskóla og viðbótarskjölum er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Skólanámskráin er að grunni til frá skólaárinu 2005-2006 og því ekki ljóst hvort öll atriði eiga við á skólaárinu 2007-2008.
- Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Gefnar eru út bekkjarnámskrár fyrir hvern árgang sem byggja á markmiðum Aðalnámskrár frá 1999.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur, lýsingu á samstarfi við tónlistarskóla og mötuneyti.

Sjálfsmat og umbótaáætlun

Sjálfsmatsskýrsla var gefin út árið 2007. Í henni er lýst innra mati í Vesturbæjarskóla og tillögum til breytinga sem byggja á niðurstöðum matsins. Fjallað er ítarlega um skólann, markmið hans og framkvæmd skólastarfs Fram kemur að unnið hefur verið að sjálfsmati í skólanum frá árinu 2001 en þá var stofnaður sjálfsmatshópur við skólann og sjálfsmatsáætlun lögð fram. Grunnur sjálfsmatsins er stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum, stefna skólans, matstæki um einstaklingsmiðað nám og viðmið um góðan skóla frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 1998. Settar eru fram matsspurningar og skoðað út frá könnunum og rannsóknum Menntasviðs, innri könnunum skólans og með styrk- og veikleikagreiningu hver staða skólans er í öllum þáttum skólastarfsins.

Helstu áherslur í umbótaáætlun/aðgerða- og þróunaráætlun Vesturbæjarskóla fyrir skólaárið 2007-2008 eru að:

- Endurskoða skólanámskrá

- Þróa einstaklingsmiðað skólastarf og fjölbreyttar kennsluáðferðir
- Bæta námsárangur nemenda
- Efla félags- og samskiptafærni nemenda og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan, styrkja jákvæða sjálfsmynd þeirra og félagsfærni
- Stuðla að jákvæðu og hvetjandi starfsumhverfi starfsfólks
- Stuðla að jákvæðu viðhorfi foreldra til skólastarfs
- Styrkja tengsl skólans við grenndarsamfélagið
- Stuðla að auknu félagslífi við skólann
- Tryggja nemendum örugga og vistlega skólalóð og starfsumhverfi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla var gefin út árið 2007. Í henni er lýst vinnu að sjálfsmati og umbótaáætlun í Vesturbæjarskóla.
- Lögð er áhersla að uppfylla faglegar kröfur og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis um sjálfsmat.
- Umbótamarkmið eru tímasett og ábyrgð tiltekin en mælikvarða á árangur vantar.

Húsnæði og aðbúnaður

Almennt eru starfsfólk og nemendur ánægð með húsnæði og aðbúnað í Vesturbæjarskóla og telja sig hafa þau tæki og gögn sem til þarf í skólastarfinu. Nemendur eru ánægðir með matsalinn og góðan mat.

Jákvæður þáttur er hversu gögn og tæki eru aðgengileg í námi og kennslu. Í hverri stofu er stillt upp litum, blýöntum, pappír og öðru því sem nemendur þurfa á að halda. Þetta er keypt inn sameiginlega að hausti ásamt stúlabókum o.fl. og raðað upp í stofunni eftir ákveðnu kerfi frá Montessori-hugmyndafræði.

Nær allir hópar nefna að skólalóðin sé ekki nógu góð, „bara grjót og möl“ og engar umbætur hafi fengist þó oft hafi verið rætt um að bæta úr. Einnig þarf að skýra hver ber ábyrgð á daglegri umhirðu lóðarinnar. Foreldrahópurinn lagði til að lóðin yrði mengunarmæld.

Rýnihópur foreldra gagnrýnir aðstöðu fyrir Selið, frístundaheimilið er í óviðunandi húsnæði og „borgarkerfið er ekki að gera neitt“. Einnig nefna þeir bágborna aðstöðu skólahljómsveitarinnar.

Eftirfarandi ábendingar komu fram varðandi húsnæði og aðbúnað:

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Vesturbæjarskóla.
- Gögn sem nemendur nota eru aðgengileg í stofum.
- Skólalóðin er ekki góð, úrbætur hafa dregist. Vantar leiktæki og vantar grasvöll.
- Nemendur kvarta undan hörðum stólum.
- Húsnæði frístundaheimilis og skólahljómsveitar er óviðunandi.
- Stofur fyrir myndmennt, textíl og smíðar eru of litlar og engin sérstök tónmenntastofa.

Greining

Styrkleikar: Góður árangur nemenda. Framsækið skólustarf einkennir skólann og skýrt mótuð stefna um einstaklingsmiðað nám. Einnig er í skólanum sterkur kjarni starfsfólks sem framfylgir stefnunni og er tilbúinn að þróa einstaka þætti og prófa eitthvað nýtt.

Veikleikar: Skólinn er lítilill sem hefur í för með sér að leita þarf leiða til að hagræða í rekstri. Þröngt er um ýmsa starfsemi skólans, skólalóðin er ekki góð og úrbætur hafa dregist.

Ögranir: Hópur foreldra hefur verið neikvæður gagnvart stefnu skólans og framkvæmd hennar þó að almennt séu foreldrar ánægðir með skólann.

Tækifæri: Tækifæri felast í stuðningi og þátttöku foreldra í skólustarfinu. Einnig í því að virkja enn frekar kennara í þróun náms og kennslu og byggja þannig ofan á sterkan grunn.

Samantekt ábendinga

Nám og kennsla

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er marktækt betri árið 2007 en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2006.
- Góður árangur er í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2006 og aðeins tveir nemendur teljast líklegir að þurfa aðstoð í stærðfræði.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku milli 4. og 7. bekkjar og fer mjög vel í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Bekkjarnámskrár fyrir árganga í öllum greinum eru birtir á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Í grunngreinum gera nemendur í 3.-6. bekk sér námsáætlun fyrir ákveðinn tíma oftast viku í senn.
- Skólinn er kominn langt í viðhorfum, stefnumótun og framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms.
- Markvisst skipulag stýrir námi og kennslu. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda jafnt og einstaklingsmiðað nám.
- Skipulag náms er miðað við árganginn, í vali blandast bekkir og árgangar í misstórum hópum.
- Nemendur fást við fjölbreytt verkefni og læra að bera ábyrgð á eigin námi í vali og áætlun.
- Nemendur gera sér áætlun í kjarnagreinum fyrir viku í senn í 3.-6. bekk. Í 7. bekk kemur áætlun frá kennara.
- Námsmat skólans er einstaklingsbundið. Verið er að þróa markmiðstengt námsmat.
- Deildarstjóri sérkennslu er starfandi í 50% stöðu. Hann skipuleggur stundaskrá sérkennslunnar.
- Leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum.
- Sérkennsla fer að mestu fram í litlum hópum utan bekkjar.
- Viðhorf nemenda til sérkennslunnar er jákvætt.
- Áhersla er á að upplýsa starfsfólk mjög vel um sérkennsluna.
- Lausnateymi er ekki starfandi við skólann en deildarstjóri og sérkennari veita ráðgjöf og stuðning.

Nemendur og líðan

- Nemendum líður vel í skólanum og eru almennt ánægðir með kennara sína.
- Nefnt er að einstaklingar verði fyrir stríðni í frímínútum.
- Í skólanum fer fram hefðbundið félagsstarf með þátttöku nemenda og foreldra.
- Nemendur í 5.- 7. bekk eiga fulltrúa í nemendaráði.
- Nemendaráð hefur ekki verið virkt á þessu skólaári.
- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Settar eru bekkjarreglur í flestum bekkjardeildum í samráði við nemendur.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Skoða þarf fjarveru nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

- Ánægja foreldra með skólann mælist tæp 71% og heldur lægri en í skólum borgarinnar að meðaltali.
- Foreldrar styðja vel við skólann en eru gagnrýnir á Menntasvið og aðrar borgarstofnanir.
- Neikvæðar raddir ákveðins foreldrahóps hafa haft áhrif á skólastarfið.
- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Upplýsingamiðlun til foreldra er talin góð í öllum bekkjardeildum.

Starfsmenn og líðan

- Starfsfólk Vesturbæjarskóla er á heildina litið frekar ánægt í starfi sínu.
- Upplýsingaflæði er gott að mati starfsmanna.
- Samstarf kennara fer mest fram á kennarafundum og á árgangafundum.
- Samstarf kennara snýst um skipulag náms og kennslu.
- Ánægja er með skólann sem vinnustað og góður andi.
- Aðbúnaður í skólanum er góður og kennarar hafa almennt þau tæki og gögn sem þeir þarfnast.
- Almennt ríkir jákvætt viðhorf til nemenda og foreldra meðal starfsmanna. Samskipti einkennast almennt af umhyggju og hlýju.
- Unnið hefur verið að þróunarverkefni um foreldrasamstarf sem hefur haft jákvæð áhrif.
- Upplýsingamiðlun til foreldra er góð.
- Skoða þarf fjarveru starfsmanna
- Símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2007-2008 tengist forgangsroðun verkefna í skólanum.

Stjórnun og skipulag

- Stefna Vesturbæjarskóla er skýr og vel mótuð, hún er aðgengileg í skólanámskrá frá árinu 2005-2006.
- Uppfæra þarf skólanámskrá til að hún endurspegli breytingar sem gerðar hafa verið á stefnu og framkvæmd.
- Skipulag er í föstu formi og rammi skólastarfs er skýr.
- Skólastjóri er sýnilegur þátttakandi í daglegu skólastarfi.
- Starfsfólk treystir stjórnendum og fær frá þeim hrós og endurgjöf.
- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn.
- Upplýsingar eru um þróunarverkefni og móðurskólaverkefni á heimasíðu.

- Síðan er í endurgerð, hún er þökkalega aðgengileg en ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna.
- Ekki fundust upplýsingar á heimasíðunni um kennslu nýbúa né sjálfsmat og umbótaáætlun.
- Í skólanámskrá Vesturbæjarskóla og viðbótarskjölum er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Skólanámskráin er að grunni til frá skólaárinu 2005-2006 og því ekki ljóst hvort öll atriði eiga við á skólaárinu 2007-2008.
- Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Gefnar eru út bekkjarnámskrár fyrir hvern árgang sem byggja á markmiðum Aðalnámskrár frá 1999.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur, lýsingu á samstarfi við tónlistarskóla og mötuneyti.
- Sjálfsmatsskýrsla var gefin út árið 2007. Í henni er lýst vinnu að sjálfsmati og umbótaáætlun í Vesturbæjarskóla.
- Lögð er áhersla að uppfylla faglegar kröfur og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis um sjálfsmat.
- Umbótamarkmið eru tímasett og ábyrgð tiltekin en mælikvarða á árangur vantar.

Húsnæði og aðbúnaður

- Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Vesturbæjarskóla.
- Gögn sem nemendur nota eru aðgengileg í stofum.
- Skólalóðin er ekki góð, úrbætur hafa dregist. Vantar leiktæki og vantar grasvöll.
- Nemendur kvarta undan hörðum stólum.
- Húsnæði frístundaheimilis og skólahljómsveitar er óviðunandi.
- Stofur fyrir myndmennt, textíl og smíðar eru of litlar og engin sérstök tónmenntastofa.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Vesturbæjarskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli haust 2006 fyrir Vesturbæjarskóla. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Vesturbæjarskóla 2007-2008. Reykjavík: Vesturbæjarskóli

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Vesturbæjarskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.vesturbajarskoli.is

Fylgiskjöl

1. Vesturbæjarskóli og skólahverfi
2. Vettvangsathuganir
3. Gátlisti um skólanámskrá
4. Gátlisti um heimasíðu
5. Gátlisti um einstaklingsmiðað nám